


Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2010
Tilvísun: UST20100100189/ksj

Breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020 Suðurstrandarvegur

Vísað er til erinda forstöðumanns tæknideildar Grindavíkurbæjar er bárust 23. og 25. nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2010, dreifbýlisupprætti er varðar Suðurstrandarveg. Breytingin sem gerð er tillaga um felur í sér færslu á legu Suðurstrandarvegar og vegtengingum og efnistökusvæðum tengdum lagningu vegarins.

Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegar milli Grindavíkur og Þorlákshafnar fór fram árin 2003 -2004 og barst úrskurður Skipulagsstofnunar í maí 2004, þar sem fallist var með skilyrðum á framkvæmd samkvæmt svokallaðri gulri veglínu. Við ofangreint umhverfismat gerði Umhverfisstofnun margvíslegar athugasemdir við svokallaða rauða veglínu (vegína í staðfestu aðalskipulagi Grindavíkur) enda var ekki fallist á framkvæmd hennar en einnig voru gerðar veigamiklar athugasemdir við svokallaða gula veglínu, en það er veglínan sem tillaga er gerð um í breytingartillögunni með þeim breytingum sem kveðið var á um í úrskurði Skipulagsstofnunar. Ljóst er að helstu neikvæðu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verða á landslag og jarðmyndanir. Fyrir liggur að stór hluti af fyrirhuguðum vegi verður um Reykjanesfólkvang, en líta má á friðlýsingu sem staðfestingu stjórnvalda á verndargildi viðkomandi svæðis. Vegurinn fer að mestu leyti um eldhraun er njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögunum. Samspil gosmyndana, s.s. móbergsfjalla og ásýnd úfínna nútímahrauna skapar sérstæða landslagsheild sem að mati stofnunarinnar hefur alþjóðlegt verndargildi.

Breytingar á veglínu og skilyrði framkvæmdar samkvæmt úrskurði

Eins og fram kemur að framan var í úrskurði Skipulagsstofnunar fallist með skilyrðum á framkvæmd samkvæmt annarri veglínu en staðfest aðalskipulag sýnir. Með breytingu á aðalskipulagi færast veglína Suðurstrandavegar norðar en sýnt er á staðfestu aðalskipulagi. Á parti er farið nær núverandi vegi en gert var ráð fyrir í frummatsskýrslu, enda kemur fram í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 26. maí 2004 að: „Skipulagsstofnun telur að með breytingum á gulri veglínu í vegstæði blárrar veglínu frá stöð frá stöðv 11.500 sunnan Skála-Mælifells um Moshóla að stöð 14.000 við Skalla, sem fjallað er um í köflum 4.1 og 5.1 í þessum

úrskurði, megi draga mikið úr neikvæðum áhrifum veglagningar á jarðmyndanir og landslag., þ.a. áhrif hennar á fyrrnefnda umhverfispætti verði áscættanlegri." Til skýringar skal þess getið að með blárri veglínu er átt við kost sem var sýndur í matsáætlun og liggur nær núverandi veg en svokölluð gul veglína. Í úrskurðinum eru skilyrði um samráð við Umhverfisstofnun um atriði eins og endanlega veglínu á ofangreindu svæði sunnan Skála-Mælifells að Skalla ásamt fleiru. Núverandi vegur verður áfram reiðstígur eins og staðfest aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Efnistaka

Í breytingunni felast einnig þrjár nýjar efnisnámur, en efni úr þeim verður nýtt í vegagerðina. Gert er ráð fyrir nýrri námu norðan við og milli Slaga og Skála-Mælifells, einnig er gert ráð fyrir nýrri námu milli Latsfjalls og Latshóla, og að lokum verður gert ráð fyrir nýrri námu rétt norðan Sýslusteins. Umhverfisstofnun tekur undir að efnistaka mun hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, ekki síst námur í Latshólum og Geitahlíð sem eru innan Reykjanesfólkvangs. Umhverfisstofnun bendir á að í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að gengið verði frá námunum að efnistöku lokinni í samráði við Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu um fólkvang þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdunum.


Landslag


Að mati Umhverfisstofnunar geta áhrif ofangreindrar breytingar á aðalskipulagi ekki talist jákvæð á landslag þótt þau skerði landslagsheildir minna en veglína í núverandi aðalskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar mun lega vegarins skv. breytingartillögu hafa óafturkræf neikvæð áhrif á landslag.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020 hafa neikvæð og óafturkræf áhrif á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun fellst ekki á að breytingin hafi jákvæð áhrif á verndarsvæði þótt stærri landslagsheildir verði óraskaðar eftir breytingu, þar sem röskun á jarðmyndunum er mikil og óafturkræf.

Vjrðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Olafur A Jónsson
Deildarstjóri